

# GJALDSKRÁ

## Selfossveitna.

### 1. hluti. Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.

#### I. Sölutaxtar.

Öll verð eru án virðisaukaskatts. Á tilgreindar upphæðir leggst virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

#### I.a. Afnot af heitu vatni.

Almennir taxtar		Einingar	Grunngjald
<b>H.1</b>	<b>Heitt vatn um rennslismæli</b>		
	Heimili og íbúðir	kr./m <sup>3</sup>	56,25
	Fastagjald	kr./ár	7.388
<b>H.2</b>	<b>Heitt vatn um rennslismæli</b>		
	Stórnotendur =>1"	kr./m <sup>3</sup>	56,25
	Fastagjald	kr./ár	10.516

Sértaxtar		Einingar	Grunngjald
<b>H.5</b>	<b>Heitt vatn um hemil</b>		
	Heitt vatn um hemil	kr./mín/ár	15.618
	Fastagjald	kr./ár	10.516
<b>H.6</b>	<b>Heitt vatn um rennslismæli</b>		
	Almenningssundlaugar		
	Sumar 1. maí – 30. september	kr./m <sup>3</sup>	28,50
	Vetur 1. október – 30. apríl	kr./m <sup>3</sup>	34,18
	Fastagjald	kr./ár	18.983

#### II. Stofngjöld hitaveitu.

#### II.a. Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.

	Einingar	Grunngjald
Íbúðarhúsnæði, einbýli	kr.	89.842
Einingarverð umfram 500 m <sup>3</sup> húsnæðis	kr.	77,71

#### II. b. Tjarnabyggð.

	Einingar	Grunngjald
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	kr.	325.000
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	kr.	650.000

#### III. Innheimta og lokanir.

	Einingar	Grunngjald
Innheimtugjald	kr.	646
Lokunargjald	kr.	2.040

## 2. hluti. Skýringar og ýmis ákvæði.

### I. Sölutaxtar fyrir heitt vatn.

#### H.1

Taxti fyrir heimili og aðra smærri notendur. Notkun er mæld í rúmmetrum (m<sup>3</sup>).

#### H.2

Taxti fyrir atvinnuhúsnæði o.þ.h. með þeim takmörkunum sem fram koma í H4. Inntak stærra en eða jafnt og 25 mm í þvermál. Notkun er mæld í rúmmetrum (m<sup>3</sup>).

#### H.5

Taxti fyrir sölu vatns um skammtara (hemil). Sérstakt samkomulag skal gera við sölu skv. þessum taxa. Greitt er samkvæmt samningi fyrir tiltekinn fjölda mínútulítra sem aðgengilegur er notandanum allt árið að jafnaði (1/mín/ár). Fjöldi mínútulítra ákvarðast af Selfossveitum á grundvelli áætlunar um notkun.

#### H.6

Taxti fyrir mælda notkun í sundlaugum í eigu sveitarfélagsins. Notkun er mæld í rúmmetrum.

#### H.7- Ýmis ákvæði.

*Sérstakar aðstæður:* Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils vatns er heimilt að takmarka val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gera sérstakan afhendingarsamning. Þar sem flutningsgeta dreifikerfishluta er takmörkuð, áskilja Selfossveitur bs. sér rétt til að takmarka val gjaldskrárlíða.

*Takmarkanir:* Heimilt er að banna notkun dælna og annarra tækja sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

*Aðgengi starfsmanna:* Starfsmönnum Selfossveitna bs. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, lögnum í eigu Selfossveitna, og öðrum búnaði sem er í sambandi við dreifikerfi fyrirtækisins.

## II. Inntakslagnir; heimtaugar og heimæðar.

*Tæknilegir tengiskilmálar:* Um tengingu neysluveitu við veitukerfi gilda tæknilegir tengiskilmálar og sérskilmálar Selfossveitna.

*Stærð og tilhögun inntakslagna:* Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimæða fyrir hverja húsveitu.

Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks og tengistað við húsveitukerfi.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimæðargjald skal greitt áður en tenging fer fram eða fyrir eða á eindaga sem tilgreindur er á reikningi.

*Yfirlengd:* Yfirlengd varanlegra inntakslagna miðast við lengri lagnir en 10 m. Lengd inntakslagna reiknast frá lóðarmörkum að tengistað við húsveitukerfi. Taka skal tillit til aðstæðna í hverju tilviki. Yfirlengdargjald skal greitt skv. viðeigandi töflu.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi inntakslögn að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald skv. töflu þar um.

*Greiðsla aukakostnaðar vegna frosts í jörðu:* Óski eigandi húsveitu eftir að heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar. Skal þar taka mið af auka tilkostnaði vegna frosts í jarðvegi.

*Sérstakar aðstæður:* Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærra en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

*Lagnir í búgarðabyggðum og öðrum byggingarsvæðum í dreifbýli:*

Inntaksgjöld gilda fyrir skipulögð hverfi. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar skal heimæðargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Í dreifbýli gilda sérstakir skilmálar um heimlagnir, vatnsafhendingu o.þ.h.

### III. Önnur gjöld og ákvæði.

*Áætlun um notkun og orkureikningar:* Orkugjöld eru innheimt mánaðarlega samkvæmt áætlun eða með sérstökum álestri. Við gerð áætlunar um ársnotkun er stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Á um 12 mánaða fresti er lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar er gert sérstakt uppgjör við hvern notanda sem skráður hefur verið í viðskiptum yfir tímabilið. Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

*Dráttarvextir, vanskil og lokanir:* Selfossveitum er heimilt að reikna dráttarvexti á vangöldna reikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda, eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Selfossveitur hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Orku-reikningur er í vanskilum hafi hann ekki verið greiddur fyrir eða á eindaga. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxta þar um.

*Lögtaksheimild:* Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má innheimta með fjárnámi á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 583, 13. október 1997, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 1. ágúst 2006.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Guðjón Axel Guðjónsson.*